



**2. fundur  
framkvæmda- og hafnanefndar Norðurljóps  
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurljóps,  
þriðjudaginn 15. febrúar 2011 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Þráinn Guðni Gunnarsson, Jón Grímsson, Hjálmar Bogi Hafliðason, Sigurgeir Höskuldsson, Áki Hauksson, Bergur Elías Ágústsson, Tryggvi Jóhannsson, Guðmundur Magnússon, Stefán Sigurður Stefánsson,

**Fundargerð ritaði:** Tryggvi Jóhannsson, Framkvæmda- og þjónustufulltrúi

**Dagskrá:**

**1. 201102026 - Fundargerð Cruise Iceland frá 3. febrúar 2011**

Lögð fram til kynningar.

**2. 201012071 - Sail-Húsavík 2011, ósk um samstarf við sveitarfélagið**

Vilborg Arna Gissurardóttir verkefnisstjóri Sail Húsavík kom á fundinn og kynnti verkefnið og þá þætti sem sérstaklega er óskað eftir samvinnu við sveitarfélagið um.

Framkvæmda- og hafnanefnd þakkar Vilborgu fyrir kynninguna en frestar afgreiðslu þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um umfang verkefnisins.

**3. 201102033 - 335. fundur Hafnasambands Íslands ásamt ársreikningi 2010**

Lagt fram til kynningar.

**4. 201004041 - Aðstaða fyrir smábáta í Húsavíkurhöfn**

Farið yfir tjónaskýrslu vegna skemmda á grjótvörn við Suðurgarð á Húsavík eftir óveður.

Framkvæmda- og hafnanefnd felur hafnarstjóra að fylgja málinu eftir í samráði Siglingastofnunar Íslands.

**5. 201101021 - Fiskistofa, ósk um umsögn vegna vetingar rekstrarleyfis til kræklingaræktunar til handa Sæskeljar**

Fiskistofa óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna umsóknar Sæskeljar um rekstrarleyfi til kræklingaræktunar í Skjálfanda.

Framkvæmda- og hafnanefnd veitir jákvæða umsögn um erindið og óskar Sæskeljum velfarnaðar í kræklingarækt í Skjálfanda.



## 6. 201102062 - Hjálmar Bogi, ýmis erindi

Hjálmar Bogi leggur fram þrjár tillögur sem varða hafnar- og aflagjöld.

### **Tillaga 1**

Úttekt á aflagjöldum fyrir árið 2010.

Gerð verði úttekt á aflagjöldum með það í huga hvort útgerð landi fiski á markað eða beint í eigin vinnslu.

### **Tillaga 2**

Yfirlit yfir aflagjöld

Lagt er til að fiskseljendum bjóðist yfirlit yfir greidd aflagjöld til hafnarsjóðs Norðurbings.

### **Tillaga 3**

Tekjur af strandveiðikvóta

Gerð verði úttekt á tekjum hafnarsjóðs af strandveiðum árið 2010.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir tillögurnar.

## 7. 201102063 - Gatnaframkvæmdir

Hjálmar leggur fram tillögu um að athugað verði að skipta gatnaframkvæmdum við Fossvelli og Reykjaheiðarveg á Húsavík niður í áfanga og vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2012.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir tillöguna með atkvæðum Þráins, Jóns, Sigurgeirs og Hjálmars.

Áki greiddi ekki atkvæði en leggur fram eftirfarandi bókun:  
Í ljósi þess að meirihluti bæjarstjórnar Norðurbings gefur í skyn í staðarblaðinu Skarpi að nægt fé sé til viðhalds og framkvæmda, telur fulltrúi Þinglistans að það sé skýlaus krafa íbúa við Reykjarheiðarveg og Fossvelli að farið verði án tafar í endurbyggingu á þessum gömlu götum.

## 8. 201102045 - Samþykkt um hunda og kattahald í Norðurbingi

Farið yfir gildandi samþykkt og gjaldskrá um hunda- og kattahald í Norðurbingi.

## 9. 201102048 - Ný samþykkt um gatnagerðar og þjónustugjöld í Norðurbingi

Fyrir fundinum lá tillaga að nýrri samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Norðurbingi. Breytingar frá eldri samþykkt eru vegna nýs

2. fundur framkvæmda- og hafnanefndar Norðurbings  
16. febrúar 2011



lagaumhverfis og samþykktin aðlöguð því. Eins eru gjaldskrár aðlagaðar nýjum vísitölugrunni.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir tillöguna.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00**